

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samantekt á því hvernig hlustað er á raddir barna og fylgst með líðan og högum þeirra í gegnum kannanir

Á hverju ári eru lagðar kannanir fyrir nemendur, mest í eldri bekkjum grunnskólans. Veigamestar og þær sem eru mest nýttar í starfinu eru kannanir Skólapúlsins og Rannsóknna og greiningar.

Skólapúlsinn

Nemendakannanir Skólapúlsins eru lagaðar fyrir úrtök nemenda í 6. – 10. bekk jafnt og þétt yfir skólaárið þar til allir nemendur¹ hafa svarað könnuninni í lok hvers skólaárs. Skólarnir geta fylgst með niðurstöðum könnunarinnar í gegnum vefgátt Skólapúlsins. Spurningarnar falla í þrjá megin flokka, virkni nemenda, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Undir hverjum flokki eru 5-7 matsþættir sem hver um sig er settur saman úr nokkrum spurningum. Sveitarfélög fá aðgang að niðurstöðum í gegnum svokallaða Skólavog þar sem hægt er að skoða alla skólana samtímis og Reykjavík í heild í samanburði við landið. Skólarnir taka ákvarðanir um hvort þeir vilji taka þátt í nemendakönnunum Skólapúlsins en eru eindregið hvattir til þess af skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólaárið 2020-2021 taka 30 skólar þátt. Sumir skólar ákveða að taka þátt annað hvert ár en ekki árlega. Nýlega hefur Skólapúlsinn boðið upp á nemendakannanir í 1. – 5. bekk en þar eru matsþættirnir ánægja af lestri, ánægja með skóla og líðan í skólanum. Nemendur geta hlustað á spurningarnar með hljóðgervli og svarað með því að velja á milli 5 mynda af ketti sem fer frá því að vera mjög glaður yfir í að vera ósáttur. Þessar kannanir eru lagðar fyrir að vori. Enn sem komið er hafa ekki margir skólar tekið þátt í þessum hluta².

Niðurstöður Skólapúlsins eru fyrst og fremst nýttar af skólunum sjálfum í þeirra eigin innra mati og í samtali við börnin en þær eru einnig nýttar við ytra mat og til að styðja við starf ýmissa teyma svo sem Vinsamlegt samfélags sem fylgist með líðan og stöðu eineltis svo eitthvað sé nefnd. Reykjavíkurborg hefur jafnframt bætt við nokkrum spurningum sem hafa verið nýttar af skrifstofu sviðsins eins og um hversu góður krökkunum finnst maturinn í mötuneytinu.

Rannsóknir og greining

Reykjavíkurborg er með samning við Rannsóknir og greiningu (R&G) um fyrirlögn kannana og gerð skýrslna fyrir hvern skóla, borgarhluta og Reykjavík í heild. Velferðarsvið fer með samningsumboðið

¹ Nema í allra stærstu skólunum, þar eru úrtök látin nægja

² Vor (2020) hættu nokkrir skólar við vegna Covid.

við R&G fyrir hönd borgarinnar en samningurinn er unninn í góðu samstarfi við skóla- og frístundasvið. R&G spyr unglinga í 8. - 10. bekk á hverju ári um áhættutengda hegðun og nokkra verndandi þætti. Annað hvert ár (ár á sléttri tölu) er sami hópur spurður ítarlega út í líðan og hagi en árin á móti (oddátöluárin) leggur R&G kannanir fyrir börn í 5. – 7. bekk um líðan og hagi. Í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins var ákveðið að bjóða upp á að endurtaka hagi og líðan könnunina í 8.- 10. bekk í október 2020 og aftur í febrúar 2021, en að öllu jöfnu hefði sú könnun átt að bíða næsta árs.

Gögnin hafa verið nýtt til að fylgjast með líðan barnanna á meðan heimsfaraldrinum stendur. Kannanir R&G snúa meira að börnunum sjálfum, hegðun þeirra og líðan en að skólastarfinu og niðurstöðurnar hafa því verið nýttar mikið af skólunum, félagsmiðstöðvunum og þjónustumiðstöðvunum í samtali við foreldra um hvernig hægt er að stuðla að æskilegri hegðun og bæta líðan barnanna. Áhersla er lögð á að fjalla um verndandi þætti sem foreldrar geta stuðlað að til að forðast að börnin leiðist út í óæskilega hegðun en niðurstöður R&G gefa mikilvægar vísbendingar um hver staðan er á þessum fyrirbyggjandi þáttum eins og samveru við foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi o.fl. Þá hefur R&G unnið sérvinnslur eins og um stöðu barna með erlendan bakgrunn sem hafa m.a. nýst í borgarvaktinni og bætt við spurningum um klámáhorf sem hafa nýst Jafnréttisskólanum við að beina sjónum foreldra og þeirra sem vinna með unglingunum hversu umfangsmikið það er orðið svo fátt eitt sé nefnt.

Aðrar kannanir

Að auki er fylgst með öðrum smærri og stærri könnunum eins og Heilsa og líf skjör skólanema³ sem er lögð fyrir á 4 ára fresti. Skólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar nýta margar mismunandi leiðir til að heyra hvað börnunum liggur á hjarta, meðal annars með tengslanetakönnunum og öðrum hefðbundnari könnunum.

Til að tryggja markvissa nýtingu á stóru nemendakönnununum og að allir hafi áttað sig á stöðu síns skóla/hverfis hafa undanfarin ár verið haldnir hverfafundir með stjórnendum og þeim sem leiða lýðheilsu- og forvarnarstarf í skólum, félagsmiðstöðvum og þjónustumiðstöðvum hvers hverfis. Þetta hefur verið góður vettvangur til að ræða stöðuna, heyra hvað aðrir hafa verið að gera í heilsuefningu, forvörnum og öðru því sem styrkir og eflir börnin til æskilegrar hegðunar. Margt áhugavert kom fram á fundunum um þá grósku sem á sér stað. Sem dæmi má nefna sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum, Upright verkefnið og ýmiskonar fræðslu. Mjög margir skólar hafa í samstarfi við félagsmiðstöðvar⁴ haldið kynningar á niðurstöðum R&G í gegnum veffundalausnir. Þessir veffundir hafa verið vel sóttir og verða án efa haldnir oftár á netinu til að ná til fleiri foreldra.

Þrír af fimm grundvallarþáttum menntastefnunnar koma inn á andlegt og líkamlegt heilbrigði, þ.e. félagsfærni, sjálfsefning og heilbrigði og lýðræðisleg þátttaka barna er jafnframt eitt af leiðarljósum stefnunnar. Til að mæla árangur af þessum grundvallarmarkmiðum er lögð áhersla að heyra frá fyrstu hendi, þ.e. frá börnunum sjálfum hvernig þau meta stöðuna. Mjög margir mælikvarðanna fyrir grundvallarþættina og verklagið eru fengnir úr þessum könnunum. Í verkfærakistu menntastefnunnar hefur verið safnað saman miklu efni sem má nýta við að efla lýðheilsu barnanna. Síðast en ekki síst hefur Reykavíkurborg samþykkt að vera virkur þátttakandi í verkefnunum heilsuefandi leikskólar, grunnskólar og félagsmiðstöðvar. Raddir barna gegna veigamiklu hlutverki við að mæla hvort öll sú vinna sé að skila árangri og nemendakannanir mikilvægur liður í að fá endurgjöf frá börnunum.

³ Health Behaviour in Schoolaged Children (HBSC) á vegum WHO.

⁴ Sem og í sumum tilvikum þjónustumiðstöðvar